

Mál nr. 250/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. ágúst 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 7. september 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 9. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var að aka bifreið við Litlu Kaffistofuna 2. febrúar 2020 þegar hann missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór út af veginum. Í lögregluskýrslu vegna atburðarins kemur fram að M hafi verið kominn í aðhlynningu í sjúkrahúsbifreið þegar lögreglan kom á vettvang og honum hafi verið verulega brugðið sem og fundið til eymsla í höfði og hægri hendi á vettvangi. M var fluttur á sjúkrahús og í bráðamóttökuskrá sama dag kemur fram að um klukkustund frá atvikinu hafi M fundið fyrir óþægindum aftan í hálsi og vinstra megin sem og vinstra megin í mjóbaki, auk þess sem hann hafi verið með tvær til þrjár rispur á vinstra handarbaki og lítils háttar áverka í andliti. Í málinu liggja auk þess fyrir læknisvottorð og upplýsingar um sjúkraskrá M, sem og matsgerðir vegna fyrri slysa M.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og leggur áherslu á að slysið 2. febrúar 2020 hafi verið háorkuslys og orsakatengsl séu milli þess og þeirra óþæginda sem hann rekur til slyssins nú. M leggur áherslu á að hann hafi leitað samdægurs á bráðamóttöku og tveimur vikum síðar til heimilislæknis vegna viðvarandi verkja og hafi verið í meðferð hjá sjúkrahjálfa.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur orsakatengsl milli einkenna M nú og útafaksturs 2. febrúar 2020 ósönnuð. V vísar til þess að eftir að M fékk meðferð á bráðamóttöku á slysdegi hafi hann fengið þær ráðleggingar að fylgjast með einkennum, skrá þau niður og leita til heimilislæknis einni til tveimur vikum síðar ef hann hefði enn einkenni. V vísar auk þess til þess að M hafi margoft leitað til læknis eftir atvikið en ekki minnst á mögulegar afleiðingar slyssins 2. febrúar 2020 fyrr en í ágúst 2021 eða um einu og hálfu ári frá slysinu. V vísar til þess að einkennalýsingar M séu ekki samfelldar eða reglulegar, auk þess sem aðrir atburðir hafi haft áhrif á M á sama tímabili. Einnig vísar V til þess að M hafi glímt við heilsubrest um langa hríð og ekki sé hægt að sjá af gögnum málsins hvaða einkenni megi rekja til þess og hvaða einkenni til umferðarslyssins.

Álit.

Í málinu liggja fyrir fjöldi gagna vegna heilsufars M bæði fyrir og eftir slys hans 2. febrúar 2020. Í þessu máli hverfist ágreiningur aðila um hvort sannað sé að M hafi hlotið meiðsl í því slysi sem áhrif hafi á heilsufar hans í dag. Sönnunarbyrði um hvort einkenni tengist slysaatburði hvílir almennt á tjónþola þegar krafist er bóta vegna slysa. Í gögnum málsins liggur fyrir að slysaatburðurinn sem slíkur var þess eðlis að bifreið M fór út af vegi og varð fyrir nokkru tjóni 2. febrúar 2020 og M fann fyrir einkennum og fór með sjúkrahúsi af vettvangi slyssins á bráðamóttöku. Eftir það er hins vegar ekki fjallað um einkenni sem M sjálfur tengir við umrætt slys þegar hann leitar til læknis vegna heilsufars síns. Af gögnum um fyrra heilsufar M má einnig ráða að hann hefur glímt við alvarlegan heilsubrest um nokkurn tíma og þó í málinu séu hugleiðingar heimilislæknis um orsakatengsl þá duga þær ekki einar og sér til að sýna fram á hvort slysið 2. febrúar 2020 hafi haft varanlega áhrif á heilsufar hans. Ekki liggur heldur fyrir matsgerð eða álit sérfræðinga um orsakatengsl. Hallann af þessum sönnunarskorti ber M og á hann ekki rétt á bótum m.v. framlögð gögn úr slysátryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 4. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir